

Kengúrumeðferð á Vökudeild

Kengúrumeðferð eða „húð-við-húð meðferð“ er það kallað þegar barn liggur bert á berri bringu foreldris. Að liggja húð við húð, eins snemma og hægt er, er mikilvægur þáttur í meðferð barns á Vökudeild.

Gildi kengúrumeðferðar

Auk þess að veita barni yl, öryggi og velliðan styrkir meðferðin tengsl foreldra og barns. Foreldrar og börn læra að þekkja hvert annað betur og foreldrar verða öruggari í að lesa í hegðun barns, til dæmis hvort barn sé svangt eða óvært. Meðferðin er einnig talin hafa jákvæð áhrif á mjólkurmyndun móður því með nánd við barnið eykst losun hormóna sem koma mjólkurmyndun af stað.

Barn sem nýtur mikillar nándar við foreldra sína er einnig líklegra til að líða vel, nærast betur og stækka og jafnvel útskrifast fyrr heim.

Framkvæmd kengúrumeðferðar

Kengúrumeðferð er best að veita í góðan tíma, minnst tvær klukkustundir í senn. Því þarf að gera ráð fyrir að borða og fara á salerni áður en meðferð hefst og hafa hjá sér hluti sem þörf er á, svo sem vatnsbrúsa, bók eða síma.

- Foreldri kemur sér vel fyrir í hálfuppréttri stöðu í hægindastól eða rúmi.
- Barnið er einungis klætt bleyju og með húfu ef við á.
- Barni er komið fyrir húð við húð mót bringu foreldris eða annarra aðstandenda.
- Mikilvægt er að barnið liggir í góðri stöðu, með beinan líkama og höku vel frá bringu. Barnið liggur með höfuð til hliðar og handleggi og fótleggi beygða að líkama.
- Barni líður best þegar haldið er þétt utan um það en best er að hafa hendur kyrrar í stað þess að strjúka eða klappa.
- Reyna þarf eftir fremsta megni að hafa rólegt og hljótt í umhverfi barnsins og takmarka utanaðkomandi áreiti.

Á Vökudeild aðstoðar starfsfólk foreldra við að sækja mjólk barnsins og hitar hana svo foreldrar getið setið og notið tímans með barninu.



Kengúrameðferð - staða barns.

Hitastjórnun

Litlir fyrirburar eru viðkvæmir fyrir breytingum á líkamshita og eiga oft erfitt með að halda á sér hita. Þess vegna dvelja fyrirburar í hitakassa fyrst um sinn og svo oft á hitadýnu eftir það. Kengúrameðferðin veitir þeim þetta sama hlýja umhverfi þar sem líkami foreldra veitir ylinn sem barnið þarf. Oft er þó nauðsynlegt að fylgjast vel með hita barnsins. Starfsfólk mælir hita barns reglulega og bætir hitagjöfum við eða fjarlægir eftir þörfum. Líklegt er að barnið þurfi húfu, teppi og jafnvel hitalampa yfir sig fyrst um sinn. Eftir því sem það stækkar verður ylurinn frá foreldri nægur hitagjafi auk teppis.

Barn með öndunarstuðning

Barn sem þarf stuðning við öndun getur einnig fengið kengúrameðferð hjá foreldrum. Starfsfólk aðstoðar foreldri við að taka barn í fang og fylgist með líðan og súrefnisþörf barns meðan á meðferð stendur. Barn sem fær stuðning við öndun þarf stundum meira súrefni meðan á kengúrameðferð stendur en það er ekki skaðlegt fyrir barnið.

Viðvera foreldra á deild

Foreldrar eru mikilvægasta fólkíð í lífi barna sinna. Viðvera á deildinni skiptir því miklu máli. Mikilvægt er að skipuleggja dvölina á Vökudeild þannig að sem mest viðvera náist. Foreldrum er velkomið að hafa aðra til að aðstoða við umönnun barnsins í þeirra fjarveru og ákveða hver eða hverjir gegna því hlutverki. Mælt er með að það séu ekki of margir svo að barn kynnist þeim. Upplýsa þarf starfsfólk Vökudeildar um nöfn þeirra og tengsl við barnið og eru þau skráð í sjúkraskrá barns.

Velkomið er að leita til starfsfólks Vökudeildar ef spurningar vakna.